



IÐNAÐARMANNAFÉLAGIÐ
Í REYKJAVÍK
Stofnað 3. febrúar 1867

REGLUR IÐNAÐARMANNAFÉLAGSINS Í REYKJAVÍK UM ÚTHLUTUN SILFUR- OG BRONS-HEIÐURSVERÐLAUNA FYRIR AFBURÐA VEL ÚTFÆRT SVEINSPRÓFSVERKEFNI

SAMPYKKT Á STJÓRNARFUNDI FÉLAGSINS ÞANN 8.10.2014.

§1.

Eftirfarandi skilyrði þarf að uppfylla til þess að koma til greina við úthlutun silfur- eða bronsheiðursverðlauna Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík:

- 1) Sveinsprófsnefnd viðkomandi iðngreinar tilnefnir sveinsprófsverkefnið til úthlutunar silfur- eða bronsheiðursverðlauna.

Tilnefningin skal geyma upplýsingar um (sjá jafnframt meðfylgjandi eyðublað til útfyllingar):

- a. Viðkomandi svein, iðngrein hans og sveinsprófsverkefnið.
 - b. Meistara / tilsjónarmann sveinsins.
- 2) Sveinsprófsverkefnið verður undantekningarlaust að uppfylla kröfu um að teljast:
„Afburða vel útfært handverk“.
 - 3) Hver sveinsprófsnefnd getur útnefnt tvo nemendur til silfurs- eða bronsverðlauna.

§2.

Sveinsprófsnefnd skal vera einhuga um að mæla með að viðkomandi sveinsprófsverkefni hljóti tilnefningu til silfur- eða bronsheiðursverðlauna.

Sveinsprófsnefnd viðkomandi iðngreinar skal senda tilnefningu, ásamt skýringum og nafni viðkomandi sveins og meistara, til Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík.

Tilnefningin skal undirrituð af formanni viðkomandi sveinsprófsnefndar eða staðgengli hans.

§3.

Sveinspróf geta farið fram hvenær ársins sem er en verðlaunaathöfn félagsins fer fram árlega, fyrsta laugardag í febrúar.

Til þess að koma til greina við verðlaunaafhendingu viðkomandi árs þarf tilnefning að hafa borist Iðnaðarmannafélaginu í seinasta lagi fjórum vikum fyrir verðlaunaathöfn.

§4.

Heiðursverðlaunum fylgir heiðursskjal sem er undirritað af forseta Íslands og formanni Iðnaðarmannafélagsins.

§5.

Viðkomandi sveini og nánustu aðstandendum, er formlega boðið að vera viðstaddur verðlaunaathöfnina. Meistara sveinsins, prófnefnd og stjórnun meistarafélags og sveinafélags viðkomandi iðngreinar er og formlega boðið að vera viðstödd verðlaunaathöfnina.

§6.

Eftir því sem kostur gefst mun stjórn Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík hafa eftirlit með að gæðum sveinsprófsverkefna, sem falla undir skilgreininguna „Afburða vel útfært handverk“, verði viðhaldið og rýrni ekki.

§7.

Verðlaunaþegi skuldbindur sig til að lána Iðnaðarmannafélaginu í takmarkaðan tíma og á kostnað þess verðlaunað sveinsprófsverkefni til sýningar sem félagið kann að eiga aðild að, með þeim takmörkum sem aftra því vegna afhendingar eða annars.

Verðlaunahafi heimilar birtingu ljósmyndar af verkefninu á heimasíðu Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík.